

REGLUGERÐ

um gjald til Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins árið 1993.

1. gr.

Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu greiða gjald til Hagræðingarsjóðs. Skal gjaldið á árinu 1993 nema 945 kr. af hverri brúttórúmllest en þó skal gjaldið aldrei vera hærri en 280 000 kr. fyrir hvert skip. Gjaldþagi hagræðingarsjóðsgjalds er 1. janúar ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttórúmllestamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á váttryggingarreikning skips, skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Lands samband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Hagræðingarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Hagræðingarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir hagræðingarsjóðsgjaldi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 65, 26. júní 1992, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. desember 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1992.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir.

A) Íbúðir.

Sorphirðugjald kr. 4 000 á íbúð.

B) Fyrirtæki.

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur a)	kr. 15 000
Flokkur b)	kr. 30 000
Flokkur c)	kr. 60 000
Flokkur d)	kr. 120 000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.